

Nd.

93. Frumvarp

til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Flm.: Jón Ólafsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson,
Héðinn Valdimarsson.

Inngangur.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fastra starfsmanna við viðskiptafyrirtæki, sem talin eru í 2. gr. Þó taka lögin aðeins til starfsmanna þeirra fyrirtækja, er hafa aðsetur í kaupstað. Með reglugerð getur ráðherra ákveðið, að lögín skuli einnig gilda í verzlunarstöðum, fleirum eða færri.

Lögín gilda þó eigi:

1. Þegar um er að ræða mann, sem ráðinn er til sendiferða eða sem vikapiltur aðeins.
2. Þegar ráðningin samkvæmt venjum þeim um vinnuskipti, sem gilda á vinnustaðnum, aðeins á við störf, sem ekki krefjast sérþekkingar.

Lögín eru einkum miðuð við fulltrúa, bókhaldara, gjaldkera, bréfrítara, vélritara, afgreiðslumenn í verzlunum og skrifstofum, verzlunarumboðsmenn og aðra, sem líkt stendur á með. Ágreiningi um hvort einstakur maður eða flokkur manna falli undir lögín, ræður gerðardómur til lykta, sbr. 20. gr.

2. gr.

Fyrirtæki þau og atvinnurekendur, sem lög þessi taka til, eru: Kaupmenn, heildsalar, hlutafélög, kaupfélög, pöntunarfélög, samvinnufélög, bankar, sparisjóðir, váttryggingarfélag, umboðssalar, útgerðarfyrirtæki, skipaafgreiðslur, vöru- og skipamiðlarar, svo og aðrir þeir, er bókhaldsskyldir eru að lögum og hafa fleiri en einn mann á skrifstofu.

I. KAFLI.

3. gr.

Þeir, sem reka viðskiptafyrirtæki, sbr. 2. gr., eða veita slíkum fyrirtækjum forstöðu i kaupstöðum, skulu, þá er þeir ráða karl eða konu til náms við fyrirtækið, annast um, að gerður sé skriflegur námssamningur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur ráðherra semja, að fengnu álitum Verzlunarráðs Íslands, Sambands islenzkra samvinnufélaga og Sambands verzlunarmannafélaga Íslands, og afhenda lögreglustjórar þau ókeypis. Þeir skulu og rita á samningana vottorð sitt um, að þeir séu samkvæmir lögum þessum. Sé ákvæði þetta brotið, er samningurinn ógildur.

4. gr.

Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka ófullnuma mann til starfs eða kennslu, sbr. 3. gr.:

1. Þeim, sem ekki eru fullnuma verzlunarmenn, nema því aðeins, að uppræðsla nemandans sé á tryggn hátt falin einhverjum starfsmanna fyrirtækisins, karli eða konu, sem fullnuma er. Þó má leyfa þeim að taka nemendur, sem í 10 ár hafa rekið verzlun eða annað slíkt fyrirtæki sem aðal- atvinnu, enda þótt eigi séu fullnuma.
2. Þeim, sem tvisvar hafa rofið námssamning í verulegum atriðum og að ófyrirsynju.
3. Þeim, sem dæmdir hafa verið dómi, sem að almennu álitum skerðir æruna, og ekki hafa fengið uppreist æru.

5. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera. Má það aldrei lengra vera en þrjú ár, að meðtöldum reynslutímanum, sbr. 7. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms yngri en 15 ára. Vilji nemandi, sem tekinn hefir verið til náms áður en hann var sjálfráða, hætta námi eftir þann tíma, getur hann það með venjulegum uppsagnarfresti, þótt samið hafi verið um lengri tíma.

6. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Nemandi skal séð fyrir ókeypis kennslu og veittur nægur tími til náms, þann-

ig að hann að loknu námi geti fullnægt þeim skilyrðum, er þarf til þess að reka verzlun sjálfur. Lærimeistari er skyldur til, þegar námstíminn er liðinn, að gefa vottorð um kunnáttu nemandans og hegðun.

7. gr.

Fyrstu 3 -- þrjá -- mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir háða, og hafa þá bæði forstjóri og nemandi, sé hann orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða lögráðamenn, rétt til þess að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum.

8. gr.

Sé námssamningi slitið án þess að nemandi eigi sök á og hann síðan fer til kennslu í annan stað, skal reikna saman námstímann á báðum stöðum, er finna á fullan námstíma, þó því aðeins, að ekki hafi verulegur tími liðið á milli, er nemandi eigi var við nám.

9. gr.

Nemandi skal sýna húshónða sínum trúmennsku, hlýðni og virðingu og vinna honum allt það gagn, er hann frekast má.

10. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum námstímanum og 2 stundum á dag til að hvílast og matast. Húsbóndi má ekki láta nemanda vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 8 á morgnana, nema brýn nauðsyn sé til.

11. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar eða lögskipuðum fridögum má húsbóndi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá að minnsta kosti 10 daga sumarfrí í einu lagi, og skal það vera á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept.

12. gr.

Meðan námstími stendur yfir, skal húsbóndi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og kosta kapps um, að nemandanum verði sem mest not að námstímanum og geti á hæfilegum tíma orðið fullnuma.

13. gr.

Nú sýkist nemandi án þess að honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar, og ber forstjóra þá að greiða honum laun í þrjá mánuði frá þeim tíma, sem hann veiktist, og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma, þó ekki lengur en út ráðningartímann. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila. Þar sem löggiltur sjúkrasjóður er, skal nemandi tryggður þar á kostnað fyrirtækisins.

14. gr.

Samningnum getur hvor aðili sagt upp án fyrirvara, ef verulegar vanefndir eru fyrir hendi.

Sem dæmi verulegra vanefnda, er réttlæti slíka uppsögn, nema sérstök atvik hamli, má einkum nefna þessi:

A. Af hálfu húsbónda:

1. Ef nemandi er ótrúur í þjónustu sinni, misnotar trúnað yfirboðara sins eða bregzt þagnarskyldu um leyndarmál fyrirtækisins.
2. Ef hann fer leyfislaust frá verkum sínum. Ef hann sýnir yfirboðurum sínum þrjúsku í starfinu eða neitar að gegna skyldum þeim, er starfi hans leggur honum á herðar.
3. Ef veikindi hamla nemanda frá námi í mánuð, og sjúkdómurinn er ólæknandi eða svo mikið kveður að honum, að lækniir telur sjúkling eigi starfs-hæfan fyrr en tveim mánuðum þar eftir. Þetta skerðir ekki kröfur nemanda samkv. 13. gr.
4. Ef nemandi situr í fangelsi.
5. Ef nemandi er dæmdur dómi, er að almennu álitum skerðir æru hans.
6. Ef nemandi leggur hendur á yfirboðara sinn eða ærumeiðir hann.

B. Af hálfu nemanda:

1. Ef nemandi verður ófær til þess að gegna starfi sínu.
2. Ef húsbóndi greiðir ekki laun nemanda eða hlunnindi, eða veitir eigi tilskilda fræðslu samkvæmt námssamningi.
3. Ef aðbúð nemanda er slík, að heilsu hans eða siðferði geti stafað hætta af, eða almennum hreinlætisreglum eigi er fylgt.
4. Ef húsbóndi leggur hönd á nemanda eða ærumeiðir hann, eða aðrir starfsmenn hafa slíkt í frammi og húsbóndi veitir nemanda eigi tilhlýðilega vernd.
5. Ef lærimeistari er fjarverandi fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón fullnuma manns.
6. Ef fyrirtækið flyzt í annan kaupstað.

Ákvæðin undir A og B eru ekki tæmandi, ef almennar reglur leiða til annars. Tjón allt, er af hefir hlotizt, bætir hinn seki eins og lög bjóða.

15. gr.

Verði eigandi gjaldþrota eða fyrirtækið hættir af öðrum ástæðum, þannig að náminu verði eigi haldið áfram á sama hátt og áður, á nemandi rétt til þriggja mánaða kaups samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Enginn má taka nemanda annars manns til kennslu, sem um ræðir í lögum þessum, nema námssamningi sé áður slitið. Slíkur samningur er ógildur.

II. KAFLI.

17. gr.

Verzlunarmenn eru í lögum þessum taldir þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi og sýnt kunnáttu sína á þann hátt, er hér segir:

1. a) Lokið fullnaðarprófi frá verzlunarskóla Íslands eða skóla, er eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
b) Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
2. Stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu þrjú ár eða meira og kunna að færa þær bækur, sem lögboðið er, að bókhaldsskyld fyrirtæki skuli halda.
3. a) Lokið stúdentsprófi og fullnægi samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu, sem um ræðir í 2. lið.
b) Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
4. Ennfremur eiga rétt til skirteinis sem fullnuma verzlunarmenn:
a) Þeir, sem starfað hafa við verzlun eða í skrifstofu í þrjú ár eða meira sem fastastarfsmenn áður en lög þessi öðluðust gildi, og sýni vottorð þar að lútandi, sem lögreglustjóri tekur gild.
b) Fullnægi auk þess samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu sem um ræðir í 2. lið.

18. gr.

Hver sá, sem lokið hefir verzlunarnámi á þann hátt, sem um ræðir í 1. lið 17. gr., á rétt að fá hjá lögreglustjóra skirteini sem verzlunarmaður, er hann sýnir prófskirteini sitt og vottorð tveggja skilríkra manna um námstíma sinn við verklegt nám, ásamt vottorði lærimeistarara um góða hegðun, samvirkusemi og alúð við það.

Þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi á þann hátt, er um ræðir í 2. og 3. lið 17. gr., eða fullnægja ákvæðum 4. liðs sömu greinar, eiga rétt til samskonar skirteinis, enda leggi þeir fram samskonar vottorð og áður segir, en í stað prófskirteinis sundurliðað vottorð um kunnáttu sína frá manni, er ráðherra hefir til þess skipað.

Vottorðið skal meðundirritað af tveimur prófdómendum, skipuðum á sama hátt. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um próf þessi, eftir að hafa leitað álits þeirra aðila, sem nefndir eru í 3. gr.

19. gr.

Ekkert fyrirtæki, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara, má ráða til sín eða hafa í þjónustu sinni fasta starfsmenn, sem eigi hafa skirteini sem verzlunarmenn, aðra en þá, sem undanteknir eru í 1. gr. Hver sá fastur starfsmaður, sem ekki er þannig undanþeginn og eigi hefir skirteini, telst námsmaður.

Námsmenn geta fyrirtækin ráðið fyrir hverja starfsdeild sína þannig, stjórnandi alltaf undanskilinn:

- 1 starfsmaður má vera námsmaður.
- 2 starfsmenn, þar af annar námsmaður, hinn verzlunarmaður.
- 3 starfsmenn, þar af einn námsmaður.
- 4 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
- 5 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
- 6 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
- 7 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
- 8 starfsmenn, þar af þrjú námsmenn.
- 9 starfsmenn, þar af þrjú starfsmenn.
- 10 starfsmenn, þar af þrjú námsmenn.
- 11 starfsmenn, þar af þrjú námsmenn.
- 12 starfsmenn, þar af þrjú námsmenn.

Af hverjum fjórum starfsmönnum, sem við bætast, má sá fjórði vera námsmaður.

Þó er atvinnurekanda heimilt að notfæra sér við atvinnureksturinn starfskrafta maka síns, foreldra og barna, þótt eigi séu fullnuma.

Samningar, er brjóta í bága við grein þessa, eru ógildir.

III. KAFLI.

Um gerðardóm, refsingar og undanþágur.

20. gr.

Er úrskurða skal samkvæmt 1. gr., skal það gert af gerðardómi, sem skipaður er fimm mönnum, einum útnefndum af Verzlunarráðinu, einum af Sambandi íslenskra samvinnufélaga og tveim af Sambandi verzlunarmannafélaga Íslands, en oddamaður af hæstarétti.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um meðferð mála fyrir gerðardómi.

22. gr.

Nemendur og verzlunarmenn geta innheimt vangreitt kaup sitt samkv. 3. gr. laga nr. 55, 31. maí 1927.

23. gr.

Stjórnandi fyrirtækis eða lærimeistari, sem brýtur gegn 3., 4., 5., 6., 10., 11., 16. eða 19. gr., skal sæta sektum, allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Sektir renna í rikissjóð.

24. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 3., 16. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Önnur mál samkv. lögum þessum eru einkalögreglumál, en má þó reka eftir reglum um almenn einkamál, ef hentugra þykir.

Þegar mál sætir meðferð einkalögreglumála samkvæmt lögum þessum, skal rjetturinn skipaður meðdómsmönnum.

Meðdómsmenn skulu útnefndir af hinum þremur aðilum, sem nefndir eru í 3. gr., til eins ár í senn. Útnefnir Verzlunarráðið einn, Samband íslenzkra samvinnufélaga einn, Samband verzlunarmannafélaga Íslands tvo. Skal Samband verzlunarmannafélaga Íslands jafnan útnefna verzlunarþjóna, en aðilar ryðja sínum hvor úr dómi, þannig að dómurinn er í hverju máli skipaður tveim meðdómsmönnum.

25. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 30. júlí 1909, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932. Eldri samningar halda þó gildi sínu eitt ár eftir, þótt eigi séu þeir samkvæmir lögum þessum, en skal innan þess tíma komið í löglegt horf.

Greinargerð.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð, sem hér með fylgir, er samið af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Verzlunarmannafélaginu „Merkúr“. Verzlunarráð Íslands og Verzlunarmannafélag Íslands hefir og átt þátt í undirbúningi þess, og stendur því að frv. allfjöldmenn stétt manna. Flm. vildu því verða við tilmælum nefndra félaga um flutning frv., enda þótt þeir séu ósamþykkir ýmsum ákvæðum frv. Munu þeir gera grein fyrir því nánar við flutning málsins.

Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:

„Frumvarp það til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna, eins og það hér liggur fyrir, er samið að tilhlutun Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarmannafélagsins Merkúr. Einnig hefir Verzlunarráð Íslands átt nokkra hlutdeild í samning frumvarpsins. Að lokum hefir Samband verzlunarmannafélaga Íslands haft frumvarpið til meðferðar, og hefir það gengið endanlega frá því hæði að efni til og formi.

Mál þetta hefir verið á dagskrá hjá verzlunarstéttinni um alllangt skeið, og mætti því ætla, að það hefði nú fengið þann undirbúning, sem beztur kostur er á.

Stéttaskipting hér á landi hefir til skamms tíma verið mjög óglögg og sáralitlar kröfur gerðar til sérþekkingar. Eftir að aðgreining þessi fór að skirast hafa kröfur til sérþekkingar farið mjög vaxandi. Í lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám, hvorttveggja frá 1927, eru mjög auknar kröfur

til sérþekkingar iðnaðarmanna, enda munu lög þessi hvortveggja sniðin eftir gildandi lögum nágrannaþjóðanna. Gildandi lög um verzlunarnám eða námskeið verzlunarmanna eru frá 1909 og því eðlilega mjög á eftir tímanum og hafa raunar aldrei verið „praktiseruð“. Er sá lagabálkur fyrir löngu orðinn úreltur, og munu flestir mæla, að tímabært sé að setja annan í hans stað.

Sem dæmi um vaxandi kröfur á verzlunarsviðinu má nefna frumvarp til laga um bókhald, er ríkisstjórnin lagði fram á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Eru þar mjög auknar kröfur til bókhalds og fjöldi fyrirtækja gerð bókhaldsskyld, sem eigi voru það áður. Má gera ráð fyrir, að frumvarp þetta verði að lögum á næsta Alþingi, enda í höfuðdráttum mjög til bóta og nauðsynlegt.

Tilgangur frumvarps þess, er hér ræðir um, er aðallega tvennskonar: Að námi verzlunarmanna sé hagað þannig, að þeir verði starfi sínu vel vaxnir og færir um að rækja köllun sína á þann hátt, að stétt þeirra og þeim sjálfum sé til gagns og sóma — og að þeir menn, sem slíku námi hafa lokið, sitji öðrum fremur fyrir atvinnu við þau fyrirtæki, sem starfsmanna þurfa með, sem æskilegt er, að hafi slíka menntun. Það verður og að álitast kappsmál fyrir hvert þjóðfélag, að stuðla að því með heilbrigðri löggjöf, að hver einstaklingur skipi sem bezt þann sess, er honum er fenginn, þannig að valinn maður skipi hvert rúm.

Leitast hefir verið við að gera frumvarpið eins tæmandi og kostur hefir verið á, án þess að lengja það úr hófi fram. Þá hefir og lögfræðilega hlið málsins jafnframt verið athuguð.

Um 1. gr.

Lög þessi er ætlazt til, að nái aðeins til viðskiptafyrirtækja, sem hafa aðsetur í kaupstað. Er það í samræmi við gildandi ákvæði, og stutt af því, að lögin yrðu illfrankvæmanleg í sveit eða smáum verzlunarstöðum. Þó er ráðherra gefin heimild til að vikka gildi þeirra til staða, sem þau gætu helzt átt við á.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að lögin nái til allra fastra starfsmanna, og yrði fastur starfsmaður að skýrast samkvæmt venju (maður ráðinn upp á mánaðar- eða árskaup, venjulega um ótiltekinn tíma, eða tiltekinn lengri tíma o. s. frv.). Þó er gert ráð fyrir nokkrum undantekningum, t. d. um sendla og aðra starfsmenn utan húss og innan, þar sem starfinu er svo hagað, að sérþekking er ekki nauðsynleg. Verði ágreiningur um þetta, sker gerðardómur úr.

Um 2. gr.

Hér eru talin þau viðskiptafyrirtæki, sem ætlazt er til, að lögin nái til. Virðist eðlilegt að miða þetta fyrst og fremst við þau viðskiptafyrirtæki, sem bókhaldsskyld eru að lögum. Fyrir síðasta Alþingi lá frumvarp til laga um bókhald, og er upptalningin í 2. gr. hér að mestu leyti sniðin eftir því frumvarpi.

Um 3. gr.

Þessi grein er í samræmi við lög nr. 45, 30. júlí 1909, og lög nr. 11, 31. maí 1927. Form samninganna og það helzta, sem í þá er sett, virðist eðlilegt að sé borið undir hlutaðeigandi atvinnugreinar.

Um 4. gr.

Hér segir almennt um, hverjir megi taka námsmenn. Er nokkurt vanda-
mál að ákveða þetta, vegna þess að skilyrðin til þess að fá verzlunarleyfi eru
mjög lítilfjörleg, en úr þessu verður nú væntanlega bætt, sbr. breytingartillög-
ur okkar við lög um verzlunaratvinnu, nr. 52 27. júní 1925.

Í aðaldráttum er gert ráð fyrir, að meginreglan verði sú, að þeir einir
geti tekið námsmenn, sem eru fullnuma, eða að uppræðsla nemandans sé
tryggð á annan öruggan hátt.

Um 5. gr.

Námstíminn er ákveðinn í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru í
17. gr.

Eigi þykir ástæða til, að námsmenn séu teknir yngri en 15 ára. Þeir, sem
yngri eru, yrðu taldir vikadrengir. Eðlilegt er, að unglingur, sem settur er til
náms áður en hann er sjálfráða (16 ára), geti, eftir að hann er orðinn sjálf-
ráður, hætt námi, t. d. ef hann hefir enga löngun eða hæfileika til þess að
halda því áfram.

Um 6. gr.

Eins og vikið er að í athugasemd við 4. gr., eru skilyrðin til þess að fá
verzlunarleyfi mjög væg, en hinsvegar þykir ekki fært að gera meiri kröfur
til starfsmanna heldur en stjórnenda, og er tilgangurinn með náminu mark-
aður samkvæmt því.

Um 7. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda og er í samræmi við lögin um iðnað-
arnám, nr. 11 31. maí 1927.

Um 9. gr.

Svipuð og í gömlu lögunum og sýnist ekki óeðlilegt ákvæði.

Um 10. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 11. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 12. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar á auðvitað aðallega við unglinga, sem eru
við nám; annars gefur greinin ekki tilefni til athugasemda.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðist mjög eðlilegt, enda að mestu leyti í samræmi við gildandi lög í likum efnunum.

Um 14. gr.

Þessi grein er að visu ekki mjög nauðsynleg, því flest, sem í henni er talið, mundi leiða til samningsslita hvort sem væri. En það er oft handhægt að hafa leiðbeiningarákvæði í þessu efni, og eru því taldar hér upp nokkrar helztu ástæður til samningsslita, vitanlega alls ekki tæmandi. Að mestu hefir verið fylgt fyrirmynd úr þýzkum lögum (71. gr. der Handelsgesetzbuch), enda hafa þau að nokkru verið höfð til hliðsjónar í öðrum efnunum.

Um 15. gr.

Þessi grein leiðir af almennum reglum.

Um 16. gr.

Rétt þykir, auk þess að leggja refsingu við því, sem greinin ræðir um, að samningurinn skuli vera ógildur með öllu.

Um 17. gr.

Að sjálfsögðu má deila um, hvaða lágmarkskröfur beri að gera til fullnuma verzlunarmanns.

Samanborið við kröfur, sem gerðar eru gildandi í lögum um iðnaðarnám, eru ákvæði þessarar greinar mjög væg, en eftir atvikum hefir samt ekki þótt rétt að ganga lengra.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er, að þeir, sem fullnuma eru, fái greinileg skirteini um kunnáttu sína, en jafnnauðsynlegt er, að þeir einir fái slík vottorð, sem til þess eru hæfir. Greinin er sett til að tryggja þetta.

Um 19. gr.

Hér eru aðalákvæðin um réttindi fullnuma verzlunarmanna. Samkvæmt tilgangi frumvarpsins er nauðsynlegt, að trygging sé fyrir því, að verzlunarmenn njóti öðrum fremur þeirrar atvinnu, sem þeir hafa sérstaklega húið sig undir að rækja. Þessum tilgangi verður því aðeins náð, að allir aðrir, sem við störf þessi vinna, verði taldir námsmenn og að skilyrði séu sett um, hve margir námsmenn megi vera í hlutfalli við fullnuma menn.

Um 20. gr.

Þess er getið í 1. gr., að um takmörk laganna skuli í vafatilfellum fara eftir úrskurði gerðardóms. Hér ræðir um skipun hans, og er eðlilegast, að hann sé skipaður af þeim aðilum, er greinin nefnir.

Um 21. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 22. gr.

Grein sú, sem vitnað er til, veitir verkamönnum heimild til þess að sækja kaupgreiðslumál sín sem einkalögreglumál, svo og sérstaka varnarþingsheimild, og loks undanþágu frá greiðslu réttargjalda. Rétt sýnist, að verzlunarmenn séu eigi verr settir í þessu efni.

Um 23. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 24. gr.

Mál út af brotum, sem aðallega varða hið opinbera, eru hér samkvæmt venju látn sæta meðferð almennra lögreglumála. Hin, sem varða skipti aðilanna sjálfra, eru látn sæta meðferð einkalögreglumála. Gerðardómar, sem samkvæmt eldri lögnum og lögnum um iðnaðarnám, nr. 11, 31. maí 1927, eru til þess settir að úrskurða ágreining í ýmsum efnum, eru hér felldir niður, en í staðinn ákveðið, að aðilar útnefni meðdómsmenn með dómaramum, og er það að öllu leyti betra.

Um 25. gr.

Þar sem ýms nýmæli eru í lögnum og eigi verður fyrirfram vitað nema þau í einstöku tilfalli kunni að koma hart niður og óeðlilega, þykir rétt, að ráðherra hafi heimild til að veita undanþágur, en gengið út frá, að ef svo ber undir, verði áður leitað álits þeirra aðila, sem nefndir hafa verið (Verzlunarráð Íslands, Samband islenzkra samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands).

Um 26. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 27. gr.

Rétt þykir, að nokkurt svigrúm sé gefið til þess, að menn geti án mikilla óþæginda lagað aðstöðu sína þannig, að hún verði lögum samkvæm.